



HRUNAMANNAHREPPUR

5. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR KJÖRTÍMABILIÐ 2022 – 2026

11. FUNDUR ÁRSINS

Árið 2022, þann 1. september kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14.00 í Ráðhúsi sveitarfélagsins.

Eftirtaldir sátu fundinn: Jón Bjarnason, Bjarney Vignisdóttir, Herbert Hauksson, Daði Geir Samúelsson og Alexandra Rós Jóhannesdóttir.

Auk þeirra sat fundinn Aldís Hafsteinsdóttir sveitarstjóri, sem skráði fundargerð í tölvu.

Jón Bjarnason setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir komu fram.

Oddviti óskaði eftir að á dagskrá yrðu tekin tvö mál sem ekki fóru út með fundarboði; aukið stöðugildi við íþróttahús og fyrirhuguð sala Hótel Flúða. Sveitarstjórn samþykkir að við dagskrána bætist liður 16- Minnisblað sveitarstjóra um opnunartíma íþróttamannvirkja og liður 17 - Fyrirhuguð sala á Hótel Flúðum. Tölusetning annarra liða breytist til samræmis við þetta.

Dagskrá:

Í upphafi fundar mætti Kristín Arna Hauksdóttir, nýráðinn verkefnastjóri farsældarteymis og kennsluráðgjafi Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings ásamt Melkorku Jónsdóttur forstöðumanni. Kynntu þær vinnu við innleiðingu þjónustu í þágu farsældar barna í Árnesþingi.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

1. Atvinnu-, ferða- og menningarnefnd: Fundargerð 1. fundar frá 29. ágúst sl.

Oddviti kynnti fundargerð 1. fundar Atvinnu-, ferða- og menningarnefndar.

Sveitarstjórn tekur undir með nefndinni að rétt sé að sveitarfélagið komi að Flúðum um Versló fyrr og með ríkari hætti en verið hefur og tekur einnig undir þakkir til Bergsveins B. Theódórssonar fyrir gott utanumhald um hátíðina. Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps:

2. Fundargerð 244. fundar skipulagsnefndar frá 24. ágúst sl. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 11. ágúst sl.

Oddviti kynnti fundargerð 244. fundar skipulagsnefndar frá 24. ágúst sl. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 11. ágúst sl.

Eftirfarandi mál afgreidd sérstaklega:

Mál nr. 12. Skollagróf: Umsókn um byggingarheimild, fjós mhl 16.

Fyrir liggur umsókn Sigurðar U. Sigurðssonar fyrir hönd Sigurðar H. Jónssonar og Fjólu Helgadóttur, mótttekin 11.08.2022, um byggingarheimild fyrir 1.171,3 m² fjós (mhl 16) á jörðinni Skollagróf L166828 í Hrunamannahreppi.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að málið fái málsmeðferð á grundvelli 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Ekki verði gerð krafa um grenndarkynningu vegna málsins þar sem um svo óveruleg frávik sé að ræða að hagsmunir nágretta skerðist í engu hvað varðar landnotkun,

útsýni, skuggavarp eða innsýn auk þess sem framkvæmdin samræmist í öllu núverandi landnotkun svæðisins samkvæmt aðalskipulagi sveitarfélagsins. Málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir að málið fái málsmeðferð á grundvelli 3. mgr. 43 gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Ekki er gerð krafa um grenndarkynningu vegna málsins þar sem um svo óveruleg frávík sé að ræða að hagsmunar nágranna skerðist í engu hvað varðar landnotkun, útsýni, skuggavarp eða innsýn auk þess sem framkvæmdin samræmist í öllu núverandi landnotkun svæðisins samkvæmt aðalskipulagi sveitarfélagsins. Málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Mál nr. 13. Túngata 5: Umsókn um byggingarleyfi, íbúðarhús á tveimur hæðum.

Fyrir liggur umsókn Hús og stigar ehf., móttækin 14.06.2022, um byggingarleyfi fyrir 194,9 m² íbúðarhúsi á tveimur hæðum á íbúðarhúsalóðinni Túngötu 5 L232412 í Hrunamannahreppi. Misræmi er á milli framlagðra gagna og deiliskipulags er varðar aðkomu og bílastæði og var málinu því vísað til afgreiðslu skipulagsnefndar.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að málið fái málsmeðferð á grundvelli 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Ekki verði gerð krafa um grenndarkynningu vegna málsins þar sem um svo óveruleg frávík sé að ræða að hagsmunir nágranna skerðist í engu hvað varðar landnotkun, útsýni, skuggavarp eða innsýn. Málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir að málið fái málsmeðferð á grundvelli 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Ekki er gerð krafa um grenndarkynningu vegna málsins þar sem um svo óveruleg frávík sé að ræða að hagsmunir nágranna skerðist í engu hvað varðar landnotkun, útsýni, skuggavarp eða innsýn. Málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.

Mál nr. 14. Miðfell 4, Miðfell 7 og Siggalandur: Stofnun lóða.

Lögð er fram umsókn frá Grétari Gunnlaugi Skúlasyni er varðar stofnun tveggja landeigna, Miðfell 7 (50.535 fm) og Siggaland (34.852 fm) úr jörðinni Miðfell 4 í samræmi við framlögð gögn.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við stofnun landeignanna skv. fyrirbyggjandi umsókn. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykki erindið.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir stofnun landeignanna skv. fyrirbyggjandi umsókn.

Mál nr. 15. Ás: Staðfesting á afmörkun og breytt skráning jarðar.

Lögð er fram umsókn frá Steindóri Eiríkssyni er varðar staðfestingu á hnitsetningu jarðarinnar Ás L166710 í Hrunamannahreppi sem liggur nú fyrir. Skv. uppmælingu þá mælist stærð jarðarinnar 272,1 ha en jörðin er í dag skráð með stærðina 0,0.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við afmörkun jarðarinnar skv. fyrirbyggjandi umsókn með fyrirvara um lagfærð gögn og skriflegt samþykki landeigenda aðliggjandi landeigna. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykki erindið.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir afmörkun jarðarinnar skv. fyrirbyggjandi umsókn með fyrirvara um lagfærð gögn og skriflegt samþykki landeigenda aðliggjandi landeigna.

Mál nr. 19. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 11. ágúst sl.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 11. ágúst s.l.

Erindi til sveitarstjórnar:

3. Minnisblað frá Ásborgu Arnþórsdóttur ferðamálafulltrúa Uppsveitanna frá 22. ágúst 2022.

Oddviti kynnti minnisblað frá Ásborgu Arnþórsdóttur ferðamálafulltrúa Uppsveitanna varðandi atvinnumálustefnu fyrir sveitarfélögin þrjú Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshrepp og Hrunamannahrepp. Atvinnumálustefnan verður unnin í samvinnu við Þórð Frey Sigurðsson sviðsstjóra þróunarsviðs SASS. Hvert sveitarfélag tilnefnir tvo fulltrúa í vinnuhóp.

Sveitarstjórn fagnar frumkvæði oddvitanna í þessu máli og þeirri vinnu sem nú mun fara í gang varðandi gerð atvinnustefnu fyrir svæðið. Fulltrúar Hrunamannahrepps í vinnuhóp við gerð atvinnustefnunnar verða formaður Atvinnu- ferða- og menningarnefndar og Nina Faryna. Jafnframt tekur sveitarstjórn undir þær hugmyndir sem fram koma í minnisblaðinu um að Uppsveitir sem svæði fái atvinnuráðgjafa á vegum SASS.

4. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 26. ágúst 2022.

Oddviti kynnti bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um ramma að samkomulagi um samræmda móttöku flóttafólks þar sem sveitarstjórnir eru hvattar til að kynna sér efni samkomulagsins og taka afstöðu til þess hvort sveitarfélögin geti tekið þátt í þessu mikilvæga samfélagslega verkefni.

Lagt fram til kynningar.

5. Minnisblað frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 23. ágúst 2022.

Oddviti kynnti minnisblað frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um forsendur fjárhagsáætlana 2023-2026

Lagt fram til kynningar en sveitarstjórn mun hafa þessar upplýsingar til hliðsjónar við gerð fjárhagsáætlunar ársins 2023.

6. Bréf frá Umhverfisstofnun frá 22. ágúst 2022.

Oddviti kynnti bréf frá Umhverfisstofnun vegna samstarfsnefndar um málefni Kerlingarfjalla þar sem Umhverfisstofnun óskar eftir því að Hrunamannahreppur tilnefni einn aðila í þriggja manna samstarfsnefnd um verndarsvæðið. Auk fulltrúa Hrunamannahrepps verður nefndin skipuð fulltrúa frá Umhverfisstofnun og fulltrúa frá Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Hlutverk nefndarinnar er að fjalla um framkvæmdaáætlun og landvörslu á svæðinu, samvinnu við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar svo og önnur stefnumótandi mál er varða verndarsvæðið.

Sveitarstjórn samþykkir að skipa Jón Bjarnason, oddvita í samstarfsnefndina.

7. Bréf frá Umhverfisstofnun frá 24. ágúst 2022.

Oddviti kynnti bréf frá Umhverfisstofnun vegna samstarfsnefndar fyrir friðland í Þjórsárverum þar sem Umhverfisstofnun óskar eftir því að Hrunamannahreppur tilnefni einn aðila í 10 manna samstarfsnefnd um friðlandið.

Sveitarstjórn samþykkir að skipa Jón Bjarnason, oddvita í samstarfsnefndina.

8. Bréf frá Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu frá 23. ágúst 2022.

Oddviti kynnti bréf frá Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu til kynningar á starfshóp sem skipaður hefur verið til að skoða og gera tillögur til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis um nýtingu vindorku.

Lagt fram til kynningar

9. Bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi frá 24. ágúst 2022.

Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi vegna umsóknar Sonus viðburða ehf. fyrir tímabundnu áfengisleyfi fyrir Réttardansleik í Reiðhöllinni á Flúðum frá 10. september 2022 frá kl. 22:00 til kl. 03:00 aðfaranótt 11. september 2022.

Sveitarstjórn samþykkir að umrætt leyfi verði veitt.

10. Bréf frá Byggðarráði Skagafjarðar frá 25. ágúst 2022.

Oddviti kynnti bréf frá Byggðarráði Skagafjarðar varðandi málefni fatlaðs fólks.

Sveitarstjórn tekur undir gagnrýni Byggðaráðs Skagafjarðar og lýsir einnig yfir þungum áhyggjum af þeim sívaxandi halla sem er á rekstri málaflokks fatlaðs fólks. Þau framlög sem sveitarfélög í dag fá til reksturs málaflokksins standa engan veginn undir rekstri hans, hafa ekki gert í mörg ár og ekkert útlit fyrir annað en að sú fjárvöntun sem er staðreynd í dag aukist enn frekar á næstu árum. Slíkt er með öllu ólíðandi. Í bókun Skagfirðinga er gerð tillaga um að vasklega verði gengið til verka og fundin lausn á umræddum vanda. Styður sveitarstjórn Hrunamannahrepps allar slíkar tillögur enda er fjárhagsleg staða málaflokksins í dag með þeim hætti að þjónustuþegar líða fyrir. Þegar málaflokkurinn var færður til sveitarfélaganna voru væntingar og vilji til góðra verka miklar en fjárhagsleg samskipti við ríkið hafa gert alla drauma um úrbætur að engu. Slíkt kemur því miður mest niður á þeim sem síst skyldi, þjónustuþegum, fötluðu fólki landsins.

11. Bréf frá Ungmennaráði UMFÍ frá 17. ágúst 2022.

Oddviti kynnti bréf frá Ungmennaráði UMFÍ varðandi ungmennaráðstefnuna Ungt fólk og lýðræði sem haldin verður dagana 9.-11. september í Héraðsskólanum á Laugarvatni.

Sveitarstjórn vísar erindinu til Ungmennaráðs og hvetur aðila þar til að kynna ungmennaráðstefnuna vel fyrir ungmenum í sveitarfélaginu. Sveitarstjórn samþykkir að greiða þátttökugjöld þeirra ungmenna í Hrunamannahreppi sem sjá sér fært að mæta og skila kvittun um þátttöku.

12. Bréf frá Heilsueflandi samfélagi Uppsveitanna frá 17. ágúst 2022.

Oddviti kynnti bréf frá Heilsueflandi samfélagi Uppsveitanna með drögum að samstarfssamningi um afnot, rekstur og þjónustu við Hvata styrkjakerfið og Sportabler SHOP skráningar og greiðslukerfið. Samstarf samningsaðila snýst um að sveitarfélögin geti komið frístundastyrkjum til íbúa í rafrænt ferli. Annað markmið með tengingunni við Sportabler kerfið væri að safna saman á einn stað upplýsingum um allt íþrótt- og tólmundastarf í uppsveitunum til að auðvelda foreldrum að sjá hvað er í boði í nágrennasveitum.

Sveitarstjórn samþykkir að kaupa tengingu við Sportabler í samræmi við tillögur Heilsueflingarfulltrúa Uppsveitanna.

13. Bréf frá Páli Orra Þrastarsyni og Sylvíu Önnu Davíðsdóttur frá 29. ágúst 2022.

Oddviti kynnti bréf frá Páli Orra Þrastarsyni og Sylvíu Önnu Davíðsdóttur þar sem þau óska eftir að sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykki núverandi tengingu að Reykjalaut 2105039 til bráðabirgða, svo deiliskipulagið geti haldið áfram sínu ferli, þar til að Vegagerðin er búin að taka endanlega ákvörðun um veltenginguna.

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps frestar afgreiðslu málsins til næsta fundar og felur oddvita og sveitarstjóra að ræða við Vegagerðina um málið.

14. Minnisblað v. Consello ehf frá 30. ágúst 2022.

Oddviti kynnti minnisblað frá sveitarstjóra vegna tilboðs frá fyrirtækinu Consello í ráðgjöf og umsjón með útboði í tryggingar Hrunamannahrepps.

Sveitarstjórn samþykkir tilboð Consello enda hefur fyrirtækið víðtæka reynslu af tryggingamálum og hefur unnið fyrir um 40 sveitarfélög með sambærilegum hætti. Sveitarstjórn samþykkir að farin verði leið 2 í tilboðinu hvað varðar greiðslu fyrir vinnuna.

15. Minnisblað frá Ástu Rún Jónsdóttur forstöðumanni Bókasafns Hrunamanna frá 29. ágúst 2022.

Oddviti kynnti minnisblað frá Ástu Rún Jónsdóttur forstöðumanni Bókasafns Hrunamanna varðandi breytta opnunartíma bókasafns.

Sveitarstjórn að opnunartími bókasafnsins breytist í samræmi við tillögur forstöðumanns.

Kl. 16:02 vék Alexandra af fundi og kallaði inn varamann sinn Kristin Þór Styrmisson. Oddviti fyrir hönd sveitarstjórnar býður Kristin velkominn á sinn fyrsta fund sveitarstjórnar.

16. Minnisblað frá sveitarstjóra frá 29. ágúst 2022.

Oddviti kynnti minnisblað frá sveitarstjóra varðandi opnunartíma íþróttahúss og sundlaugar en forstöðumaður íþróttamannvirkja hefur óskað eftir auknu stöðugildi vegna hugmynda um aukinn opnunartíma sundlaugar og íþróttahúss með það að markmiði að bæta þjónustu við viðskiptavinum og koma til móts við óskir íbúa um morgunopnun þessara stofnanna. Óskar forstöðumaður eftir aukningu sem nemur 0,4 stöðugildi. Jafnframt var kynnt stundatafla íþróttahúss í vetur sem og aðsóknartölur sundlaugarinnar það sem af er ári.

Sveitarstjórn samþykkir að auka stöðugildi í íþróttahúsi um 0,4. Kostnaði verði mætt með viðauka við fjárhagsáætlun sem kynntur verður á síðari fundi sveitarstjórnar í september. Vonar sveitarstjórn að íbúar nýti sér þessa auknu opnun íþróttamannvirkja. Sveitarstjórn beinir því jafnframt til Lýðheilsu- og æskulýðsnefndar að nefndin fjalli almennt um opnunartíma íþróttamannvirkja í aðdraganda fjárhagsáætlunar.

17. Fyrirhuguð sala á Hótel Flúðum.

Oddviti kynnti fyrirhugaða sölu á Hótel Flúðum.

Sveitarstjóri kynnti þær umræður sem fram fóru á aðalfundi Hótel Flúða sem haldinn var miðvikudaginn 31. ágúst s.l. en tilboð hefur borist í allt hlutafé Hótel Flúða. Sveitarstjórn tekur jákvætt í að hlutur sveitarfélagsins verði seldur en nauðsynlegt er að frekari gögn varðandi fyrirkomulag kaupanna liggi fyrir áður en endanlega ákvörðun er tekin.

18. Samþykkt um stjórn sveitarfélagsins Hrunamannahrepps til seinni umræðu.

Oddviti lagði fram tillögu á breytingum á samþykktum Hrunamannahrepps til seinni umræðu.

Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi breytingar í samræmi við umræður á fundinum og felur sveitarstjóra að afla staðfestingar samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins á breytingunum.

19. Umsókn um byggingarlóð: Birkihlíð 8-10.

Lögð var fram umsókn frá Flott mál ehf. um byggingarlóðina Birkihlíð 8-10. Lóðin hefur verið auglýst laus til umsóknar og ein umsókn borist.

Sveitarstjórn samþykkir að úthluta lóðinni til Flott mál ehf, kt. 700611-0510 enda uppfylli umsækjandi skilyrði lóðaúthlutunar.

20. Umsókn um byggingarlóð: Birkihlíð 12-16.

Lögð var fram umsókn um byggingarlóðina Birkihlíð 12-16. Lóðin hefur verið auglýst til umsóknar og ein umsókn borist.

Sveitarstjórn samþykkir að úthluta lóðinni til Boxhús ehf, kt. 590519-2400 enda uppfylli umsækjandi skilyrði lóðaúthlutunar.

21. Umsókn um byggingarlóð: Högnastígur 16.

Lögð var fram umsókn frá PG ehf. um byggingarlóðina Högnastíg 16. Lóðin hefur verið auglýst til umsóknar og ein umsókn borist

Sveitarstjórn samþykkir að úthluta lóðinni til PG ehf, kt. 410300-5670 enda uppfylli umsækjandi skilyrði lóðaúthlutunar.

22. Næsti fundur sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn samþykkir að næsti fundur sveitarstjórnar verði haldinn fimmtudaginn 15. september n.k. kl. 14:00.

Verkfundargerðir:

a. Kópavatn-Garðastígur: Verkfundargerð 11. fundar.

Fundargerðin samþykkt.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

b. Brunavarnir Árnessýslu: Fundargerð 24. fundar stjórnar frá 16. maí sl.

Lagt fram til kynningar.

c. Tónlistarskóli Árneseinga: Fundargerð 202. fundar stjórnar frá 16. ágúst sl.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl.16:35.